

Efnahags- og skattanefnd Alþingis

14. desember 2010

Efni: Skattlagning í tengslum við endurskipulagningu fyrirtækja

Nú er til umfjöllunar hjá háttvirtri Efnahags- og skattanefnd frumvarp til laga um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (mál 313). Í því frumvarpi eru m.a. ráðgerðar breytingar er lúta að eftirgjöf skulda í tengslum við greiðsluferðleika.

Landsbankinn, sem og önnur fjármálafyrirtæki, hafa á undanförunum mánuðum komið að endurskipulagningu ýmissa fyrirtækja sem glímt hafa við erfiðan skuldavanda. Í þeirri vinnu hafa komið í ljós ýmsir annmarkar á lögum um tekjuskatt sem hafa reynst vera þrándur í Götu þess að unnt væri að ljúka ýmsum endurskipulagningarmálum. Bankinn vill hér með leyfa sér að vekja athygli Efnahags- og skattanefndar á þessu í þeirri von að hægt verði að sníða hér af annmarka með breytingum á fyrirliggjandi frumvarpi (mál 313). Óþarfi er að fjölyrða um að málið er brýnt.

Síðastliðið sumar var bætt við lögum um tekjuskatt sérstöku bráðabirgðaákvæði sem ætlað var að taka á málum er lúta að eftirgjöf skulda fyrirtækja, sbr. 1. gr. laga nr. 104/2010. Í 6. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis er kveðið á um að "taki kröfuhafi hlutafé í hinu skuldsetta félagi sem gagngjald fyrir kröfu í stað eftirgjafar skal það talið fullnaðargreiðsla hennar, nema að því marki sem eftirgjöf skuldar er færð til tekna hjá skuldara að teknu tilliti til 1. mgr.". Í lögskýringargögnum kemur glögglega fram að tilgangur þessa ákvæðis hafi verið sá að taka af öll tvímæli um það hvernig hinni skattalegu meðferð skyldi háttáð þegar skuld er breytt í hlutafé. Þrátt fyrir þennan góða tilgang hefur borið á því að talsverð óvissa hefur verið um hvað þetta þýðir í þeim tilvikum þegar ljóst er að verðmæti félagsins (og þar með hinna nýju hluta) er langt undir þeirri skuld sem gefin er eftir. Sumir hafa viljað skilja ákvæðið á þann veg að með þessu væri skuldin einfaldlega greidd og engin tekjufærsla ætti sér stað hjá hinu áður skuldsetta félagi og þar með stæði ójafnað tap fyrri ára óhreyft. Virðist þessi niðurstaða beinlínis í samræmi við orðanna hljóðan þó niðurstaðan sé sérkennileg. Aðrir teija að tekjufæra beri að því marki sem engin verðmæti svara til skuldar sem gefin eru eftir, þ.e. á grundvelli verðmats á félaginu. Þannig verði ójafnað rekstrartap jafnað ef það er fyrir hendi.

Bankinn telur mikilvægt að það liggi fyrir hver réttarstaðan er þegar skuldir eru felldar niður og einnig þegar þeim er breytt í hlutafé, og lagareglurnar séu þannig eins skýrar og unnt er. Oft er staðreyndin sú þegar skuldum er breytt í hlutafé að verðmæti skuldar er að raungildi miklu lægra en sem svarar uppreiknuðu nafnvirði. Það helgast af því að verðmæti eigna félagsins og vænt tekjustreymi stendur aldrei undir heildarskuldum sem breytt verður í hlutafé. Þegar skuldum er breytt í hlutafé má því segja að oft felist í því nokkur eftirgjöf skuldar í reynd þar sem raunverðmætið sem felst í endurgjaldinu (hinu nýju hlutabréfum) er talsverð lægra en skuldin. Oft er það þannig að félag á rekstrartap sem hægt væri að jafna á móti tekjufærslu vegna eftirgjafar skulda. Það er þó engan veginn alltaf og á það ekki hvað síst við þegar fyrirtæki hafa verið í stækkunarfasa á liðnum árum og raungert tap er að meiru eða minna leyti vegna virðisrýrnunar keyþra hlutabréfa eða annars ófrádráttarbærs kostnaðar.

Landsbankinn fer þess hér með á leit að Efnhags- og skattanefnd skoða þá breytingu á téðu bráðabirgðaákvæði að þegar skuldum er breytt í hlutafé skuli fara fram óháð verðmat á hinum nýútgefnu hlutum. Ef skuld sem breytt er í hlutafé reynist hærri en þetta verðmat skuli það sem umfram er tekjufært að hámarki því sem félagið á í ójafnað rekstrartap. Það fær ekki staðist að fyrirtækið eigi að standa uppi með skattstofn eftir svona endurskipulagningu þar sem staðan er jú alltaf sú að viðkomandi fyrirtæki er í oftari en ekki tæknilega gjaldþrota fyrir endurskipulagningu og kröfuhafar sjá sér ekki hag í að fella niður skuldir til að gera félag rekstrarhæft ef það þýðir að það verður ekki lengur rekstrarhæft vegna væntra skattgreiðslna á grundvelli endurskipulagningarinnar. Ef sú væri raunin myndi oft vera skynsamlegra fyrir banka að setja félagið í þrot og koma rekstrinum í verð í framhaldinu. Slíkt er hins vegar slæm aðgerð enda veldur það röskun á högum starfsmanna og verðmæti fyrirtækja rýrnar til muna vegna glataðs orðspors og þar fram eftir götunum. Það skal og tekið fram að engin rök standa til að setja sérstök fjárhæðarmörk þar sem sömu eðlisrök eiga við í öllum tilvikum og ef sett væru fjárhæðarmörk myndi það geta girt fyrir að unnt væri að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu stærri fyrirtækja. Það skal og tekið fram að hér er að engu leyti um skattalega hagsmuni fjármálafyrirtækja að ræða, þar sem skattaleg meðferð hjá þeim er skýr heldur snýr þetta að skattalegri meðferð hjá fyrirtækjum sem standa í fjárhagslegri endurskipulagningu vegna greiðsluvanda. Á þetta til að mynda við um formlega nauðasamninga þar sem nokkuð hefur verið um að hlutafé hefur verið fært niður og nýtt gefið út sem greiðsla á skuldum sem í reynd eru að hluta gefnar eftir.

Annað atriði hefur einnig komið í ljós í tengslum við þessa endurskipulagningarvinnu. Í einhverjum tilvikum hafa skuldsett móðurfélög verið í samsköttun með dótturfélögum sínum sem hafa verið rekin með hagnaði. Í samsköttuninni hefur tap móðurfélags nýst á móti hagnaði dótturfélags. Þegar verið er að endurskipuleggja dótturfélagið hefur móðurfélagið (sem er oftari en ekki komið í þrot eða á leiðinni í þrot) haldið því fram að það eigi kröfu vegna þess að dótturfélagið hafi nýtt rekstrartap þess. Í reynd þýðir þetta að það er eins og móðurfélagið hafi í samsköttuninni selt tapið til dótturfélagsins, en almennt er sala á tapi óheimil. Hvernig ber að túlka lögin að þessu leyti er ekki skýrt og hefur embætti ríkisskattstjóra ekki getað gefið um þetta skýr svör, enda ekki sérstaklega kveðið á um þetta í lögum. Það er að sjálfsögðu æskilegt að það sé kveðið á um þetta með skýrum hætti í lögum. Hér er því sett fram tillaga um að í lögin um tekjuskatt verði sett ákvæði sem kveði skýrlega á um að nýting taps við samsköttun myndi ekki kröfuréttindi í hendi þess sem lætur réttindin af hendi. Með öðrum orðum að með því að sækja um samsköttun þá afsalar fyrirtæki sér rétti til að fá bætur eða endurgreiðslu vegna réttinda sem kunna að koma öðru fyrirtæki í samsköttun til góða.

Til að setja tillögur þær sem hér hafa verið reifaðar í lagabúning (breyting á lögum um tekjuskatt) þá myndu þær líta svo út:

Við 4. mgr. 55. gr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Nýting félags á tapi annars félags í samsköttun felur í sér varanlega ráðstöfun á því tapi án þess að endurgjald komi fyrir það.

6. mgr. bráðabirgðaákvæðis XXXVI (sbr. 1. gr. laga nr. 92/2010) orðist svo:


Taki kröfuhafi nýja hluti í hinu skuldsetta félagi sem gagngjald fyrir kröfu skal fara fram óháð verðmat á hinu nýja hlutum sem framkvæmt skal af endurskoðanda og miðast við þann dag þegar skiptin eiga sér stað. Ef verðmat reynist lægra heldur en uppreiknað nafnverð þeirrar skuldar sem breytt er í hlutafé skal það sem umfram er fært til tekna að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið á í yfirfæranlegt rekstrartap,

þ.m.t. tap það sem myndast hefur á rekstrarárinu. Verðmat samkvæmt þessari grein skal teljast stofnverð þeirra hluta sem afhentir eru sem gagngjald, sbr. 18. gr. Kröfuhafa ber eftir atvikum að tekjufæra eða gjaldfæra mismun á bókfærðu verði kröfunnar og matsverði hinna nýju hluta.


Það skal að lokum tekið fram að tillögur þær sem hér eru settar fram eru mikilvægar tii að greiða fyrir úrlausn ýmissa mála og eru fyrst og fremst fallnar til að gera gildandi reglur skýrari sem er einkar mikilvægt þegar skattareglur eiga hlut að máli.

Undirritaðir eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að kynna þetta betur fyrir háttvirtri nefnd ef það er fallið til að greiða fyrir því að málið fá hljómgrunn.

Virðingarfyllst f.h. Landbankans,



Steinþór Pálsson, bankastjóri



Frans Páll Sigurðsson

framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Afrit sent til:

- 1) Fjármálaráðherra
- 2) Bankasýsla ríkisins